



KVENNASKÓLINN
Í REYKJAVÍK

Skýrsla um sjálfsmat skólaárið 2024-2025



GILDI KVENNASKÓLANS ERU UMHYGGJA - ÁBYRGÐ - FJÖLBREYTILEIKI

Kvennaskólinn í Reykjavík

September 2025

Efnisyfirlit

1.	Inngangur.....	2
	Matsteymi skólans.....	3
1.1	Matsáætlun skólaársins 2024-2025.....	3
1.2	Tölulegar upplýsingar (nemendur).....	4
	Innritun nýnema haustið 2024.....	4
	Skipting nemenda á námsbrautir greind eftir námsárum.....	4
	Skipting nemenda á námsbrautir greind eftir kyni	4
	Meðalaldur nemenda	4
	Fjöldi brautskráðra stúdenta í desember 2024 og maí 2025 eftir námsbraut og alls.....	4
	Útskriftarhlutfall.....	5
	Viðvera nemenda skólaárið 2024-2025	5
1.3	Tölulegar upplýsingar (starfsfólk)	5
2.	Niðurstöður	6
2.1	Kennslu- og áfangamat	6
	Niðurstöður kennslu- og áfangamats skólaárið 2024 -2025.....	6
	Mat á gæðum áfanga – kennaramat	7
2.2	Foreldra- og nýnemakönnun.....	8
	Nýnemakönnun	8
	Niðurstöður og samanburður á milli ára - svör nýnema	9
	Könnun fyrir forráðamenn nýnema.....	12
	Niðurstöður og samanburður á milli ára - svör forráðamanna	13
2.3	Nemendakönnunir	17
	Nemendakönnun lögð fyrir alla nemendur skólans	17
	Niðurstöður	17
	Könnun fyrir útskrifaða nemendur	26
	Niðurstöður og samanburður á milli ára	27
2.4	Stofnun ársins	28
	Helstu niðurstöður.....	28
2.5	Könnun fyrir starfsfólk	29
	Niðurstöður og samanburður á milli ára	30
2.6	Markmið, mælikvarðar, viðmið og staðan 2024-2025	34
3	Greining á niðurstöðum.....	36
3.1	Styrkleikar	36
3.2	Tækifæri til umbóta	36
4	Verkefni/aðgerðir	36
4.1	Markmið og úrbætur sem gerðar voru á skólaárinu 2024-2025	36
4.2	Markmið og úrbætur sem stefnt er að á skólaárinu 2025-2026	37

1. Inngangur

Kvennaskólinn í Reykjavík er bekkjarskóli og skólaárið 2024-2025 stunduðu um 670 nemendur nám á fjórum námsbrautum, félagsvísindabraut, íslenskubraut, náttúruvísindabraut og starfsbraut. Námsstími til stúdentsprófs á félags- og náttúruvísindabraut er sveigjanlegur 3-4 ár en stefna skólans er að flestir ljúki námi til stúdentsprófs á þremur árum. Nemandi telst hafa lokið stúdentsprófi af félags- og náttúruvísindabraut hafi hann lokið 200 einingum samkvæmt námsskipulagi viðkomandi brautar með tilskildum árangri. Starfsbrautin er fjögurra ára nám á 1. þrepi og er námið ætlað nemendum sem þurfa sérhæft einstaklingsmiðað nám er mætir færni þeirra. Íslenskubraut tók til starfa haustið 2024. Námsbrautin er fyrir nemendum af erlendum uppruna á framhaldsskólaaldri. Námið á brautinni skiptist í fjórar annir og er megináhersla á íslenskukennslu á 1. og 2. þrepi.

Í skólanum er lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti, mikið val, ábyrgð nemenda í námi, persónuleg og hlý samskipti, gildi tjáningar og þá samskiptahæfni sem nauðsynleg er í samskiptum ólíkra einstaklinga í ólíkum aðstæðum. Þannig leggur skólinn áherslu á að veita nemendum sem besta menntun í námsumhverfi þar sem þeim líður vel og þeir læra að bera ábyrgð á námi sínu. Eitt helsta markmið skólans er að veita nemendum haldgóða og vandaða menntun og búa þá sem best undir frekara nám.

Nemendur skólans eru í dag um 690 og starfsfólk um 75 talsins. Við skólann starfar vel menntaður og reynslumikill hópur kennara og annars starfsliðs. Skólabragur skólans einkennist af heimilislegu andrúmslofti, jákvæðni, góðri umgengni og góðum samskiptum nemenda og starfsfólks og gagnkvæmri virðingu þeirra á milli. Hlutverk skólans er að stuðla að alhliða þroska nemenda og virkri þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi og eru meginmarkmið skólastarfsins að:

- Veita nemendum sem besta menntun í námsumhverfi þar sem þeim líður vel og læra að bera ábyrgð á námi sínu
- Búa nemendur undir frekara nám og þátttöku í atvinnulífinu
- Efla siðferðisvitund, ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda
- Hvetja til þekkingaleitar, þjálfna nemendur í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum, jafnrétti og gagnrýninni hugsun

Kvennaskólinn hefur í samvinnu við starfsfólk og nemendur sett sér gildi sem höfð eru að leiðarljósi í öllu starfi skólans. Gildi skólans eru:

- **Umhyggja:** Við berum umhyggju fyrir nemendum, samstarfsfólki og samfélaginu og miðum að því að skapa vinnuumhverfi þar sem virðing og fjölbreytni fær að njóta sín.
- **Ábyrgð:** Við berum ábyrgð á námi okkar og starfi og höfum vönduð vinnubrögð, heiðarleika og fagmennsku að leiðarljósi í skólastarfinu.
- **Fjölbreytileiki:** Við fögnum fjölbreytileikanum og berum virðingu fyrir mismunandi menningu og uppruna, þvert á kyn og stöðu einstaklinga.

Kvennaskólinn í Reykjavík starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 þar sem m.a. er kveðið á um að framhaldsskólum beri að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs og vinna að umbótum og auknum gæðum ásamt því að veita hlutaðeigandi upplýsingar um skólastarfið. Árlega setur skólinn sér markmið og aðgerðaráætlun í samræmi við stefnu sína.

Áætlun og markmið fyrir skólaárið 2024-2025 sjá hér:

- [Stefnumiðuð áætlun sbr. 31. gr laga um opinber fjármál \(2023-2025\)](#)
- [Stefnumiðuð áætlun sbr. 31 gr laga um opinber fjármál \(2024-2026\)](#)
- [Markmið og aðgerðir skv. Stefnumiðaðri áætlun 2025-2027](#)
- [Matsáætlun skólans fyrir árin 2024-2026](#)
- [Matsáætlun skólans fyrir árin 2025-2027](#)
- [Niðurstöður úr sjálfsmati skólaársins 2023-2024](#)

Matsteymi skólans

Skólaárið 2024-2025 var Björk Þorgeirsdóttir, áfangastjóri, verkefnisstjóri sjálfsmats. Matsteymi um sjálfsmat skólans stýrir starfinu en það skipa verkefnisstjóri, stjórnendur, fulltrúar kennara, foreldra og nemenda. Verkefnisstjóri stýrir fundum teymisins, ritar fundargerðir og árlega skýrslu um sjálfsmatið.

Matsteymi skólans, skólaárið 2024-2025:

Kolfinna Jóhannesdóttir, skólameistari

Ásdís Arnalds, aðstoðarskólameistari

Björk Þorgeirsdóttir, áfangastjóri og verkefnisstjóri sjálfsmats

Lilja Ósk Úlfarsdóttir og Kári Ibsen Árnason, fulltrúar kennara

Ásbjörn Kristinsson fulltrúi foreldra

Daníela Hjördís Magnúsdóttir og Eva Harðardóttir fulltrúar nemenda

Sjálfsmatsskýrslan sem hér birtist gerir grein fyrir niðurstöðum úttekta og athugana sem gerðar hafa verið í Kvennaskólanum skólaárið 2024-2025.

1.1 Matsáætlun skólaársins 2024-2025

Hautönn 2024	Vorönn 2025
Kennslu- og áfangamat: - Íslenska og erlend tungumál - Lagt fyrir í nóvember 2024	Kennslu- og áfangamat: - Stærðfræði og raungreinar - Lagt fyrir í mars/apríl 2025
Viðhorfskannanir - Móttaka, upplýsingagjöf, ánægja með skólann, líðan og samsömun - Lagt fyrir nýnema og forráðamenn þeirra í október 2024	Viðhorfskannanir - Líðan, virkni í námi og þjónusta og námsframboð í kjarna og vali. Lagt fyrir alla nemendur skólans í febrúar 2025 - Könnun fyrir útskrifaða nemendur. Lagt fyrir nemendur sem útskrifuðust vorið 2023 í apríl/maí 2025 - Könnun fyrir starfsfólk í maí 2025

1.2 Tölulegar upplýsingar (nemendur)

Nemendatölur miðast við fjölda nemenda við lokun vinnumats hverrar annar, þ.e. þremur vikum eftir að kennsla hefst.

Innritun nýnema haustið 2024

Haustið 2024 sóttu 700 nemendur í 10. bekk um skólavist á félags- og náttúruvísindabraut, 303 sem fyrsta val og 397 sem annað val. Við úrvinnslu umsókna er unnið eftir [verklagsreglum](#) skólans um inntöku nýnema.

Karlar (kk)	Konur (kvk)	Kynsegin	Samtals
53	181	0	234 (þar af 4 kvk og 4 kk á efri ár)

Á vorönn 2025 voru innritaðir níu nemendur, sjö nemendur á félagsvísindabraut og tveir nemendur á náttúruvísindabraut.

Skipting nemenda á námsbrautir greind eftir námsárum

Námsbraut	Haust 2024				Vor 2025			
	1 bekkur	2 bekkur	3 bekkur	4 bekkur	1 bekkur	2 bekkur	3 bekkur	4 bekkur
Félagsvísindabraut	76	99	104	4	73	102	103	0
Náttúruvísindabraut	134	111	113	4	131	108	114	2
Starfsbraut	6	7	0	0	6	7	0	0
Íslenskubraut	15	0			13	0		
Samtals	673				661			

Skipting nemenda á námsbrautir greind eftir kyni

Námsbraut	Haust 2024			Vor 2025		
	Karl	Kona	Kynsegin	Karl	Kona	Kynsegin
Félagsvísindabraut	54	229	0	53	225	0
Náttúruvísindabraut	109	253	0	107	248	0
Starfsbraut	7	6	0	7	6	0
Íslenskubraut	7	8	0	6	7	0

Meðalaldur nemenda

Námsbraut	Haust 2024	Vor 2025
Félagsvísindabraut	16,84 ár	17,18 ár
Náttúruvísindabraut	16,66 ár	17,05 ár
Starfsbraut	16,21 ár	16,54 ár
Íslenskubraut	16,47 ár	17,13 ár

Fjöldi brautskráðra stúdenta í desember 2024 og maí 2025 eftir námsbraut og alls

Námsbraut	Haust 2024	Vor 2025
Félagsvísindabraut	2	101
Náttúruvísindabraut	1	108
Alls	3	209

Útskriftarhlutfall

Eitt af markmiðum skólans er að sem flestir nemendur sem innritast í skólann á stúdentsbrautir nái að brautskrást á þremur árum. Alltaf er þó gert ráð fyrir að hluti nemenda velji að vera lengur en þrjú ár að ljúka 200 eininga stúdentsprófi.

- Á þriðja ári vorið 2025 voru 216 nemendur, brautskráðir úr 3. bekk vorið 2025 voru 208 (96,3%), einn nemandi úr 4. bekk útskrifaðist vorið 2025.
- Haustið 2022 innrituðust 232 nemendur í 1. bekk og vorið 2025 útskrifuðust 209 nemendur, 6 stefna að útskrift í desember 2025 og 3 vorið 2026. Útskriftarhlutfall innritunarhóps frá 2021 stefnir því í að verða 94%.

Viðvera nemenda skólaárið 2024-2025

	Haust 2024	Vor 2025
<i>Nemendur með 100% raunskólasókn</i>	5,3%	2%
<i>Nemendur með 96-100% raunskólasókn</i>	36,3%	25,5%
<i>Nemendur með 80-100% raunskólasókn</i>	91%	87,5%
<i>Nemendur með 96-100% skólasókn þegar tekið er tillit til veikinda og leyfa</i>	83%	77,4%
<i>Nemendur með <u>undir</u> 80% í raunskólasókn</i>	9,7%	12,5%

Eitt af markmiðum skólans er að auka ábyrgð nemenda á eigin námi. Einn mælikvarðinn er skólasókn. Viðmið fyrir árið 2024 var að 60% nemenda væru með 96-100% skólasókn þegar búið er að taka tillit til veikinda og leyfa. Staðan á haustönn 2024: 83% nemenda með 96-100% skólasókn þegar tekið hefur verið tillit til veikinda og leyfa. Viðmið fyrir árið 2025 er að 92% nemenda væru með 80-100% skólasókn í raun. Staðan á haustönn 2024 var að 91% nemenda voru með 80-100% raunskólasókn en 87,5% nemenda voru með 80-100% raunskólasókn. Meðaltal haust- og vorannar á skólaárinu er að 89,25% nemenda voru með 80-100% raunskólasókn.

Í skólareglum kemur fram að fari raunskólasókn niður fyrir 80% um leið og hún er undir 90% með vottorðum er litið svo á að nemandinn hafi sagt sig úr skóla. Samkvæmt [reglum skólans um skólasókn](#) fá nemendur sem eru í 25 einingum eða meira á önn eina einingu fyrir skólasókn ef [raunmæting](#) er 96% eða hærri. Nemendur geta alls fengið 5 einingar fyrir skólasókn á námsferlinum. Haustönn 2024 fengu 36,3% nemenda einingu fyrir skólasókn og á vorönn 2025 fengu 23,4% nemenda einingu fyrir skólasókn.

1.3 Tölulegar upplýsingar (starfsfólk)

Fjöldi starfsfólks og stöðugilda 1. október 2024 og 1. mars 2025.

Skipurit skólans má sjá [hér](#).

	Haust 2024		Vor 2025	
	Fjöldi	Stöðugildi	Fjöldi	Stöðugildi
<i>Kennarar</i>	55	50,51	55	51,16
<i>Þjónustusvið</i>	9	8,50	10	8,78
<i>Nemendabjónusta</i>	2	1,50	2	1,50
<i>Veikindaleyfi</i>	0	0,00	3	1,44
<i>Leyfi</i>	5	5,00	5	4,46

2. Niðurstöður

2.1 Kennslu- og áfangamat

Á hverri önn fer fram kennslu- og áfangamat í skólanum. Matið er liður í eftirliti með gæðum náms- og kennslu áfanga og er hluti af innra mati skólans. Meginmarkmið kennslu- og áfangamatsins er að auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum. Miðað er við að 1/3 kennslugreina sé metinn á hverri önn og hver kennari/áfangi ekki sjaldnar en á tveggja ára fresti. Kennslu- og áfangamatið fer fram í Innu.

Sjá verklagsreglur vegna kennslu-/áfangamats [hér](#).

Á haustönn voru áfangar í íslensku og erlendum tungumálum metnir. Kennslu- og áfangamatið var lagt fyrir nemendur í Innu dagana 4. – 11. nóvember, svarhlutfall var 86,3%.

Á vorönn voru áfangar í stærðfræði og raungreinum metnir. Kennslu- og áfangamatið var lagt fyrir nemendur í Innu dagana 21. mars – 6. apríl, svarhlutfall var 79,6%.

Skólinn hefur sett sér það markmið að auka gæði náms og kennslu og að auka ábyrgð nemenda á eigin námi. Þessi markmið eru meðal annars mæld í kennslu- og áfangamatinu.

Markmiðin eru svohljóðandi:

- Að svarhlutfall í kennslu- og áfangamati verði 79% eða hærra árið 2024
- 78% nemenda telja almennt góðan vinnufrið í kennslustundum árið 2024
- 65% nemenda telja kennsluaðferðir fjölbreyttar árið 2024 og 67% árið 2025

Niðurstöður kennslu- og áfangamats skólaárið 2024 -2025

Haustönn 2024: Íslenska og erlend tungumál.

Vorönn 2025: Stærðfræði og raungreinar.

Niðurstöður kennslu- og áfangamats skólaárið 2024-2025	Haust 2024	Vor 2025
Telja kennsluaðferðir fjölbreyttar	72%	57%
Segja námsgögn áfanga góð	71%	74%
Segja kennara setja reglulega upplýsingar og leiðbeiningar inn í Innu	83%	75%
Segjast nota upplýsingar og leiðbeiningar frá kennurum í Innu	88%	74%
Segja kennara vera jákvæða í garð nemenda	85%	75%
Segja kennara ná að vekja áhuga á námsefninu	68%	58%
Segja kennara sýna áhuga á að nemendur taki framförum	83%	75%
Segjast geta leitað til kennara til að fá aðstoð við námið	86%	77%

Segja að kennarar skili úrlausnum með leiðbeinandi og uppbyggjandi athugasemdum	77%	74%
Telja almennt góðan vinnufrið í kennslustundum	82%	79%
Finnst fyrirkomulag námsmats sanngjarnt	84%	86%
Segja vinnuálag í áföngunum miðað við einingafjölda hæfilegt	81%	75%

Svarhlutfall í kennslu- og áfangamati var að meðaltali 82,95% á skólaárinu 2024-2025 (86,3% á haustönn 2024 og 79,6% á vorönn 2025). 80,5% nemenda telja vinnufrið í kennslustundum góðan (samsett gildi, niðurstöður haust- og vorannar) og 64,5% nemenda telja kennsluaðferðir fjölbreyttar (samsett gildi, niðurstöður haust- og vorannar).

Samhliða kennslu- og áfangamati sem lagt er fyrir nemendur í Innu fá kennarar tækifæri til að tjá sig um sína hópa. Þannig geta kennarar svarað því hvort það sé eitthvað sem þeir telji mikilvægt að komi fram varðandi kennslu í ákveðnum bekk og/eða áfanga. Þannig söfnum við upplýsingum um þætti sem geta haft áhrif á kennslu- og áfangamatið, s.s. þegar verið er að taka inn nýtt námsefni, breyta námsmati, hvenær dags kennslustundirnar í áfanganum eru, í hvaða stofum áfanginn er kenndur, bekkjarandi o.s.frv. Þessar upplýsingar eru skoðaðar samhliða niðurstöðum úr kennslu- og áfangamatinu og eru þar með hluti af gögnum sem stjórnendur rýna í fyrir starfsmannasamtöl.

Mat á gæðum áfanga – kennaramat

Í skólanum er lögð áhersla á vel þróað innra mat þar sem áherslan er á:

- Fagmennsku og lærdómssamfélag, með því að leggja áherslu á samvinnu, markvissar samræður og ígrundun fagfólks.
- Betri upplýsingagjöf svo við höfum góða yfirsýn yfir gæði og árangur í skólastarfinu.
- Aukin gæði náms og betri námsárangur.

Fagleg ígrundun kennara á gæðum áfanga byrjaði með markvissum hætti á vorönn 2024. Þá vann matsteymi skólans matsblað sem kennarar sem kenndu saman áfanga fylltu út. Lögð var áhersla á að byrja á því að meta alla áfanga sem eru í kjarna á bóknámsbrautum til stúdentsprófs. Faglegt mat á gæðum áfanga skiptist í eftirfarandi fimm þætti:

1. Grunnupplýsingar:

Nöfn kennara sem rýna áfangann
Áfanganúmer
Áfangaheiti
Dagsetning þegar mati er lokið

2. Yfirlit áfanga:

Er rétt ártal og önn í námsáætlun?
Koma fram upplýsingar um kennara í námsáætlun (nafn og netfang)?
Er skipulag áfangans skýrt fram sett í námsáætlun (námsmarkmið, námsgögn, námsmat)?
Er vísað í prófa- og verkefnareglur skólans í námsáætlun?
Er vinna nemenda í áfanganum í samræmi við fjölda eininga?
Er áfangalýsing rétt á heimasíðu skólans (lýsing, undanfarar og námsmarkmið)?
Athugasemd og/eða dæmi

3. Námsmarkmið og kennsluaðferðir

Eru kennsluaðferðir skipulagðar með það í huga að ná fram námsmarkmiðum samkvæmt áfangalýsingu?

Dæmi um kennsluaðferðir sem eru notaðar í áfanganum.

Eru hæfniviðmið áfangans mælanleg?

Hvernig eru hæfniviðmið áfangans metin?

Er verið að prófa og/eða þróa nýja kennsluhætti í áfanganum?

Dæmi um kennsluhætti sem er verið að prófa og/eða þróa í áfanganum.

Hvetja kennsluaðferðir í áfanganum til virkrar þátttöku nemenda í kennslustundum (nefna dæmi).

Ýta kennsluaðferðir í áfanganum undir sjálfstæð vinnubrögð nemenda?

Fá nemendur þjálfun í að hugsa á gagnrýninn hátt, tjá sig og koma sjónarmiðum sínum á framfæri?

Athugasemd og/eða dæmi.

4. Námsmat

Er einkunnaregla fyrir áfangann skráð í Innu í byrjun annar?

Er einkunnareglan í áfanganum í samræmi við það sem kemur fram í námsáætlun?

Er námskerfið í Innu nýtt með þeim hætti að nemendur og forráðamenn geta fylgst með framvindu á önninni?

Eru niðurstöður námsmats notaðar til að endurskoða kennsluhætti og/eða námsmat í áfanganum?

Eru aðferðir við að skila endurgjöf til nemenda í samræmi við reglur um persónuvernd?

Eru samræmdar reglur um yfirferð á prófum og/eða verkefnum hjá kennurum sem kenna áfangann?

Athugasemd og/eða dæmi.

5. Námsgögn

Er námsefnið endurskoðað og uppfært reglulega? Hvenær síðast?

Er námsefnið í áfanganum í samræmi við hæfniprep?

Fylgir námsefninu og/eða efnisþáttum váviðvörðun (trigger warning) þegar við á?

Eru allir hópar í þessum áfanga með sömu námsgögn og ítarefni frá kennara?

	Fjöldi
Fjöldi áfanga metnir á vorönn 2024	22
Fjöldi áfanga metnir á vorönn 2025	15

Kjarnaáfangar á félags- og náttúruvísindabraut eru samtals 59 en alls hafa 47 áfangar farið í gegnum mat á gæðum áfanga – kennaramat eða 79,7%. Haldið verður áfram með mat á gæðum áfanga á vorönn 2026.

2.2 Foreldra- og nýnemakönnun

Nýnemakönnun

Markmið skólans er að auka gæði náms og kennslu. Einn þáttur í þessu er að taka vel á móti nýnemum. Síðustu þá hafa nýnemar og forráðamenn þeirra svarað könnunum þar sem m.a. er


spurt um móttöku nýnema, kynningu á skólanum, nýnemaferðir, líðan í skólanum og ánægju með skólann.


Markmiðin eru svohljóðandi:

- 90% nemenda líði vel í skólanum 2024-2025
- 84% nemenda telja sig hluta af tilteknum hópi árið 2024


Á haustönn 2024 svöruðu nýnemar á 1. ári könnun þar sem spurt var um móttöku nýnema, nýnemaferðina, kynningu á skólanum, af hverju skólinn var valinn og líðan. Könnunin var lögð fyrir í Innu dagana 9. til 16. október. Alls svöruðu 213 nýnemar könnuninni sem er 94,7% svarhlutfall.

Niðurstöður og samanburður á milli ára - svör nýnema







Spurningin: Kvennaskólinn var með opið hús fyrir 10. bekkina 19. mars 2025. Hvernig fannst þér kynningin á skólanum á opna húsinu?




Næsta spurning er: Ertu sammála eða ósammála eftirfarandi fullyrðingu: "Mér finnst ég vera hluti af tilteknum hóp í skólanum".



Spurningin: Ertu sammála eða ósammála eftirfarandi fullyrðingu: "Í skólanum líður mér vel"



Allir bekkir hafa umsjónarkennara. Markmið með umsjóninni er að styðja við bakið á nemendum og tryggja sem best velferð þeirra í skólanum. Umsjónarkennarar veita nemendum ráðgjöf er lýtur að námi og ástundun og eru jafnframt tengiliðir skólans við heimili þegar samskipta við það er þörf. Nemendur í 1. bekk hafa eina kennslustund í stundatöflu fyrir umsjón.





Til viðbótar gafst nemendum tækifæri til að koma ábendingum á framfæri til stjórnenda skólans þremur opnum spurningum:

1. Af hverju valdir þú Kvennaskólann?
Svarendur nefndu eftirfarandi þætti: Bekkjakerfi (70), gott orðspor (52) námið og námsskipulagið (48), félagslífið (45), staðsetningin (45), heimsókn í skólann/skólabragur (32).
2. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri varðandi félagslíf skólans?
Svarendur nefndu eftirfarandi þætti: Gott félagslíf (37), vilja fleiri viðburði (37), hafa nýnemaviku (7), aðgengi að félagslífinu (5).
3. Annað sem þú vilt koma á framfæri til stjórnenda skólans.
Svarendur nefndu eftirfarandi þætti: Kennslu og námsskipulag (11), nýnemaferð (5) mötuneyti og aðstöðu í skólanum (5).


Könnun fyrir forráðamenn nýnema

Könnunin var send í tölvupósti til forráðamanna nýnema á 1. ári sem hófu nám haustið 2024, 14. október og var könnunin opin til 24. október, alls bárust 190 svör.


Niðurstöður og samanburður á milli ára - svör forráðamanna




Notar þú Innu til að fylgjast með skólasókn barnsins þíns?




Notar þú Innu til að fylgjast með námsárangri barnsins þíns?





Upplýsingastreymi frá skólanum er gott



Kynningarfundur fyrir forráðamenn nýnema var góður





Til viðbótar gafst foreldrum/forráðamönnum tækifæri til að koma skoðun sinni á framfæri í þremur opnum spurningum:

1. Er eitthvað sem þér finnst við gera vel varðandi móttöku nýnema, upplýsingagjöf frá skólanum og/eða kynningu á skólanum?
Svarendur nefndu eftirfarandi þætti: Móttaka nýnema góð og gott utnumhald (18), góðar upplýsingar (heimasíða, Inna, tölvupóstur) (13), félagslíf nemenda (8) og gott viðmót (7)

2. Er eitthvað sem þér finnst við mættum gera betur varðandi móttöku nýnema, upplýsingagjöf frá skólanum og/eða kynningu á skólanum?
Svarendur nefndu eftirfarandi þætti: Ábendingar varðandi félagslíf nemenda (5), ábendingar varðandi heimasíðu, Innu og tölvupósta (4), ábendingar varðandi kynningarfund fyrir forráðamenn (2), nám og kennsla (2)
3. Annað sem þú vilt koma á framfæri til stjórnenda skólans.
Svarendur nefndu eftirfarandi þætti: Ábendingar varðandi nám og kennslu (6) og félagslíf nemenda (4).

2.3 Nemendakannanir

Nemendakönnun lögð fyrir alla nemendur skólans


Nemendakönnun lögð fyrir alla nemendur skólans í Innu. Könnunin var opin dagana 25. febrúar til og með 11. mars 2025. Svarhlutfall í heild var 85,8%, svarhlutfall eftir árgöngum var 85,6% í 1. bekk, 86,6% í 2. bekk og 85,3% í 3. bekk. Könnunin er hluti af innra mati skólans og er markmið hennar að safna gögnum um viðhorf nemenda til námsins og þjónustunnar í skólanum, líðan, félagsleg tengsl og öryggi og þátttöku á vinnumarkaði og í íþrótt- og tómstundastarfi.



Skólinn hefur sett sér það markmið að auka gæði náms og kennslu og að auka ábyrgð nemenda á eigin námi. Þessi markmið eru meðal annars mæld í nemendakönnunum.

Markmið:


- 85% nemenda telur námsframboð í kjarna- og valáföngum gott eða frekar gott árið 2025. Samsett gildi úr 2 spurningum: Nemendur sem telja námsframboð í skyldunámi (kjarna) gott eða frekar gott og nemendur sem telja námsframboð valáfanga gott eða frekar gott.
- 83% nemenda sem telja sig læra færni sem er mikils virði í skólanum árið 2024 og 85% árið 2025.

Niðurstöður







Hversu miklum tíma eyðir þú í heimanám í hverri viku?




"Mér líður vel í skólanum"




"Mér finnst ég vera hluti af tilteknum hópi í skólanum"




"Ég hef áhuga á því sem ég læri í skólanum"







Spurning um þátttöku í félagslífinu var fjölvalsspurning, þar sem nemendur gátu merkt við mest 4 atriði.





Stundar þú launaða vinnu með námi?




Hversu margir klukkutímar fara í skipulagðar tómstundir eða æfingar sem þú stundar reglulega, í dæmigerðri viku?







Færð þú nægan svefn á virkum dögum?




"Mér finnst aðgengi að stjórnendum gott"




Af þeim sem hafa leitað til stjórnenda.
"Mér finnst aðgengi að stjórnendum gott"




Hvernig finnst þér stoðþjónusta skólans?



Af þeim sem hafa leitað til stoðþjónustu skólans.
Hvernig finnst þér stoðþjónusta skólans.



"Mér finnst Kvennó vera jafnréttissinnaður skóli"



Að auki var spurt um:

- Þjónustuna á skrifstofu skólans, í mötuneyti skólans og á bókasafni.
- Einelti, kynferðislega- og kynbundna áreitni og ofbeldi (EKKO) í samræmi við [stefnu og viðbragðsáætun skólans gegn einelti og ofbeldi](#).

Könnun fyrir útskrifaða nemendur

Eitt af markmiðum skólans er að búa nemendur undir frekara nám og því mikilvægt að skólinn fái svör frá útskrifuðum nemendum um námið í skólanum. Könnun var send í tölvupósti í apríl 2025 til nemenda sem útskrifuðust vorið 2023. Alls útskrifuðust 200 nemendur vorið 2023, 82 svöruðu könnuninni.

Markmið með könnuninni var að fá upplýsingar um hvort útskrifaðir nemendur hefðu farið í nám eftir stúdentspróf eða stefni á að fara í nám, kanna viðhorf þeirra til námsins og skólans og hvort þau telji að námið í Kvennaskólanum hafi verið góður undirbúningur fyrir frekara nám, vinnu og/eða samfélagslega þátttöku.

Niðurstöður og samanburður á milli ára

	Könnun vorið 2025 Útskrifaðir vorið 2023	Könnun vorið 2023 Útskrifaðir vorið 2021
<i>Fóru í nám eftir stúdentspróf</i>	86% 17% stefna á frekara nám	86%
<i>Voru búin að ákveða í hvaða nám þau ætluðu þegar þau voru í Kvennaskólanum</i>	45%	40%
<i>Töldu að námið í Kvennaskólanum hefði góður undirbúningur fyrir frekara nám</i>	90%	96%
<i>Fannst gerðar kröfur í náminu í Kvennaskólanum</i>	81%	81%
<i>Töldu námið í skólanum góðan undirbúning fyrir þátttöku á vinnumarkaði</i>	71%	82%
<i>Töldu námið í Kvennaskólanum góðan undirbúning fyrir samfélagslega þátttöku</i>	83%	82%
<i>Töldu líklegt að þau myndu mæla með náminu í Kvennaskólanum</i>	93%	98%

Til viðbótar svöruðu nemendur eftirfarandi opnum spurningum:

1. Ef þú fórst í nám eftir stúdentsprófið úr Kvennó í hvaða nám fórst þú?

Sálfræði/félagsvísindi

Sálfræði (9), lögfræði (7), félagsráðgjöf (5), félagsfræði (2), mannfræði (1), tómstunda- og félagsmálafræði (1), blaðamennska (1), félagsvísindi HA (1)

Viðskipti og hagfræði

Viðskiptafræði (3), hagfræði (3)

Heildbrigðisvísindi

Lífeindafræði (7), hjúkrunarfræði (4), læknisfræði (2), sjúkrapjálfun (1), geislafræði (1), lyfjafræði (1), tannlæknafræði (1)

Raunvísindi/náttúruvísindi

Tölvunarfræði (4), verkfræði (4), eðlisfræði (1), líffræði (1)

Listnám og skapandi greinar

LHÍ (píanó, dans, leiklist) (3), hönnunar- og nýsköpunarbraut Tækniskólans (2), leiklist erlendis (1),

fatahönnun (1)

Iðnám/lýðháskóli

Pípulagnir (1), húsasmíði (1), lýðháskóli (1)

2. Af hverju valdir þú Kvennó?

Svarendur nefndu eftirfarandi þætti: Bekkjakerfi (39), gott orðspor (22), staðsetningu og umhverfi (13), þætti tengdir náminu, námsbrautum og skipulagi námsins (11).

3. Nefndu það sem þér fannst vel gert og gott í námi þínu í Kvennó.

Svarendur nefndu eftirfarandi þætti: Kennararnir, stuðningur og gott utanumhald (49), skipulag og gæði náms (37), félagslífið og skólabragurinn (24), valáfangarnir, fjölbreytni og námsbrautirnar (24).

4. Hvað fannst þér að betur mætti fara varðandi námið í Kvennó?

Ábendingar varðandi námsskipulag og námsframboð (20), ábendingar varðandi kennsluaðferðir og skipulag (5), ábendingar varðandi félagslífið í skólanum (5)

2.4 Stofnun ársins

Könnunin [Stofnun ársins](#) var lögð fyrir starfsfólk í nóvember-desember 2024. Könnunin er gerð árlega af Sameyki stéttarfélagi í almannapjónustu í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneytið og sér Gallup um framkvæmd hennar. Í könnuninni er spurt um stjórnun skólans, starfsanda, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleika í vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunarinnar, ánægju, stolt og jafnrétti.

Eitt af markmiðum skólans er aukin starfsánægja þar sem mælikvarðarnir eru m.a. niðurstöður úr Stofnun ársins.

Viðmið okkar fyrir árið 2024 eru eftirfarandi:


- Heildareinkunn = 4,4
- Starfsandi = 3,6
- Vinnuskilyrði = 3,9
- Sveigjanleiki = 3,7

Heildareinkunn skólans árin 2020, 2021, 2022, 2023 og 2024:

	2020	2021	2022	2023	2024
Heildarmat	4,20	4,115	4,32	4,41	4,292

Helstu niðurstöður


Helstu niðurstöður og samanburður stofnunar við allar stofnanir og stofnanir í sama flokki.



Fimm þættir sem komu **best** út hjá skólanum í könnuninni haustið 2024 voru:



Fimm atriði sem fengu lakasta útkomu hjá skólanum voru:





2.5 Könnun fyrir starfsfólk



Í niðurstöðum [ytra mats árið 2019](#) (bls. 30) var bent á að eitt af tækifærum til umbóta væri að leggja könnun fyrir starfsfólk annað eða þriðja hvert ár sem væri hönnuð sérstaklega fyrir Kvennaskólann þar sem allt starfsfólk væri spurt um viðhorf sín til stefnu og starfshátta í skólanum.

Starfsfólk skólans hefur tvisvar svarað könnun árið 2021 og nú á vorönn 2025.

Niðurstöður og samanburður á milli ára


Könnun fyrir starfsfólk lögð fyrir í maí 2025. Svarhlutfall var 58,7% (45 svör). Könnun fyrir starfsfólk lögð fyrir starfsfólk 2021, svarhluthall 67% (49 svör).






"Þegar á heildina er litið er ég ánægð(ur) með stjórnun vinnustaðarins"



■ 2025 ■ 2021



"Þegar á heildina er litið er ég ánægð(ur) í starfi mínu"

■ 2025 ■ 2021





Að auki var spurt um þjónustu á skrifstofu skólans, mötuneyti og ræstingu. Starfsfólk gat einnig komið skoðunum sínum á framfæri í opnum spurningum:

1. Hvað finnst þér gott við Kvennaskólann sem vinnustað:
Svarendur nefndu flestir: Góðan starfsanda og gott samstarfsfólk (28), ánægju með stjórnun skólans (traust, stuðningur og sanngirni) (9) og nemendur (9).
2. Hvað finnst þér að megi betur fara á vinnustaðnum:
Svarendur nefndu flestir: Of hávær og ítrekuð umræða um sparnaðaraðgerðir (9), vantar meira svigrúm til samvinnu og samstarfs (5) og ábendingar varðandi mötuneyti (5)

3. Eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri:

Svarendur nefndu flestir: Ánægja með skólann (4), ánægja með stjórnun skólans (3), áhyggjur af starfsandanum (3).

2.6 Markmið, mælikvarðar, viðmið og staðan 2024-2025

Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Viðmið 2024	Staðan 2024-2025
Auka gæði náms- og kennslu	Líðan nemenda í skólanum	Nemendakannanir	90% nemenda líður vel í skólanum. 88% nemenda telja sig hluta af tilteknum hópi í skólanum.	90% nýnema líður vel í skólanum (haust 2024) 72% nemenda segjast líða alltaf/oft vel í skólanum 81,6% nýnema telja sig hluta af tilteknum hópi í skólanum (haust 2024) 90% nemenda telja sig hluta af tilteknum hópi í skólanum (vor 2025)
	Þátttaka í kennslu- og áfangamati	Kennslu- og áfangamat	79% svarhlutfall	86,3% svarhlutfall haust 2024 og 79,6% á vorönn 2025
	Námsframboð í skyldunámi (kjarna á braut) og valáföngum	Nemendakannanir	88% telja námsframboð í skyldunámi mjög eða frekar gott 85% telja námsframboð valáfanga mjög eða frekar gott	87% telja mjög eða frekar gott 85% telja mjög eða frekar gott 90% útskrifaðra nemenda töldu námið í skólanum góðan undirbúning fyrir frekara nám

Fjölbreyttar kennsluaðferðir	Kennslu- og áfangamat	65% nemenda telja kennsluaðferðir fjölbreyttar	72% segja kennsluaðferðir fjölbreyttar (haust 2024) 57% segja kennsluaðferðir fjölbreyttar (vor 2025)
------------------------------	-----------------------	--	--

Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Viðmið 2024	Staðan 2023-2024
<i>Efla námskraft og auka ábyrgð nemenda á eigin námi</i>	Skólasókn	Mætingaprósenta	92% nemenda sem eru með 80-100% raun-skólasókn (samsett gildi, meðaltal haust- og vorannar)	89,3% nemenda með 80-100%
	Vinnufriður í kennslustundum	Kennslu- og áfangamat	78% mjög eða frekar sammála (samsett gildi, meðaltal haust- og vorannar)	80,5% mjög eða frekar sammála
	Gildi námsins	Nemendakannanir	83% nemenda telja sig vera læra færni sem er mikils virði í skólanum 60% nemenda hafa áhuga á því sem þeir læra í skólanum (oftast nær og/eða alltaf)	88% nemenda mjög/frekar sammála 83% mjög eða frekar sammála

Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Viðmið 2024	Staðan 2024-2025
<i>Aukin starfsánægja</i>	Starfsánægjukönnun	Stofnun ársins	Heildareink. = 4,4 Vinnuskilyrði = 4,6 Starfsandi = 4,6 Sveigjanleiki = 3,7	Heildareink. = 4,3 Vinnuskilyrði = 3,9 Starfsandi = 4,6 Sveigjanleiki = 3,8

3 Greining á niðurstöðum

3.1 Styrkleikar

- Skólasókn nemenda er almennt góð.
- Nemendum líður almennt vel í skólanum og upplifa sig sem hluta af tilteknum hópi í skólanum.
- Útskriftarhlutfall innritaðra nemenda er hátt og langflestir nemendur ljúka 200 eininga stúdentsprófi á þremur árum.
- Nemendum finnst vinnuálag í áföngum hæfilegt og fyrirkomulag námsmats sanngjarnt.
- Nýnemar í 1. bekk eru ánægðir með móttöku nýnema og telja sig hafa gott aðgengi að umsjónarkennaranum sínum.
- Forráðamenn nýnema eru almennt ánægðir með móttöku nýnema og upplýsingastreymi frá skólanum.
- Nemendur eru almennt ánægðir með námsframboð í skólanum (kjarna- og valáfangar), telja að þeir séu að læra færni sem er mikils virði í skólanum og telja námið í skólanum góðan undirbúning fyrir frekara nám.
- Nemendur eru almennt ánægðir með stoðþjónustu skólans.
- Meirihluti nemenda tekur virkan þátt í félagslífi skólans og upplifa skólann sem jafnréttissinnaðan skóla.
- Starfsfólk skólans eru almennt ánægðir í starfi sínu, ánægðir með starfsanda, stjórnun og stuðning frá stjórnendum og samstarfsfólki.

3.2 Tækifæri til umbóta

- Vinna áfram með þætti sem fengu lakasta útkomu hjá skólanum í starfsánægjukönnuninni: Stofnun ársins.
- Vinna betur með niðurstöður úr kennslu- og áfangamati og mati á gæðum áfanga í samvinnu við kennara/deildir.
- Auka enn frekar stuðning og eftirfylgni með það að markmiði að skólasókn lækki ekki á milli anna.
- Vinna betur með upplýsingar um námsárangur (gögn úr Innu)

4 Verkefni/aðgerðir

4.1 Markmið og úrbætur sem gerðar voru á skólaárinu 2024-2025

Markmið	Úrbætur
<i>Starfsbraut</i>	Starfsbraut skólans tók til starfa haustið 2023, vinna við þróun og ritun námsbrautarinnar er í gangi, sjá hér: https://www.kvenno.is/is/nam-kennsla/namsbrautir-1/starfsbraut
<i>Áfangamat</i>	Mat á gæðum áfanga – kennaramat hófst vorið 2024 (sjá bls. 7-9). Komið vel á veg, vinna heldur áfram.
<i>Íslenskubraut</i>	Íslenskubraut skólans tók til starfa haustið 2024, vinna við þróun og ritun námsbrautarinnar er í gangi, sjá hér:

	https://www.kvenno.is/is/nam-kennsla/namsbrautir-1/islenskubraut-nytt .
<i>Skólanámskrá</i>	Skráning og framsetning áfangalýsinga á heimasíðu skólans endurskoðuð og uppfærð. Unnið samhliða áfangamati (mat á gæðum áfanga – kennaramat).
<i>Raddir nemenda</i>	Unnið var að því að fastsetja form fyrir rýnihópa nemenda í samvinnu við stjórn nemendafélagsins. Vinna heldur áfram.
<i>Ábyrgð nemenda</i>	Fræðsluefni um heiðarleg vinnubrögð í námi, prófa- og verkefnareglur og siðareglur skólans endurskoðaðar hvað varðar gervigreind.
<i>Græn skref í ríkisrekstri</i>	Vinna heldur áfram.
<i>Áætlun um öryggi og heilbrigði</i>	Skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustaðnum. Vinnu lokið.

4.2 Markmið og úrbætur sem stefnt er að á skólaárinu 2025-2026

Markmið	Úrbætur
<i>Starfsbraut</i>	Starfsbraut skólans tók til starfa haustið 2023. Stefnt að því að vinna við ritun námsbrautarinnar ljúki á skólaárinu.
<i>Áfangamat</i>	Mat á gæðum áfanga – kennaramat. Stefnt að því að ljúka mati á öllum kjarnaáföngum á bóknámsbrautum til stúdentspróf.
<i>Íslenskubraut</i>	Íslenskubraut fyrir útlendinga tók til starfa haustið 2024. Vinna við ritun námsbrautarinnar heldur áfram.
<i>Grunnþættir menntunar</i>	Endurskoða með hvaða hætti grunnþættir menntunar endurspeglast í starfsháttum skólans, skólabrag og inntaki námsgreina. Vinna hófst vorið 2025.
<i>Raddir nemenda</i>	Klára að fastsetja form fyrir rýnihóp nemenda í samvinnu við stjórn nemendafélagsins.
<i>Ábyrgð nemenda</i>	Endurskoða fræðsluefni um heiðarleg vinnubrögð í námi og siðareglur skólans, sérstaklega hvað varðar gervigreind. Vinna hófst á vorönn 2025.
<i>Græn skref í ríkisrekstri</i>	Vinna heldur áfram.
<i>Starfsmannamál</i>	Endurskoða fyrirkomulag og ferli starfsmannasamtala. Vinna hófst haustið 2024. Komið vel á veg.
<i>Rafrænt prófakerfi</i>	Innleiða rafrænt prófakerfi (Dugga). Vinna hófst haustið 2024. Verkefni hafið.

<i>Félagslegt vinnuumhverfi</i>	Greina félagslegt vinnuumhverfi samhliða gerð áætlun um öryggi og heilbrigði. Vinna hófst haustið 2024.
<i>Sjálfbær rekstur</i>	Endurskoða rekstur mótuneytis. Undirbúningur hófst vorið 2025. Greina yfirvinnugreiðslur. Undirbúningur hófst vorið 2025.

Reykjavík, 15. september 2025

Björk Þorgeirsdóttir
verkefnastjóri sjálfsmats